

## Ferðaréttindi lækna

Til að skoða eða lagfæra réttindi lækna þá er farið inn í ábyrgðarsviðið XXX Ferðaréttindi lækna. En þetta ábyrgðarsvið er einungis hugsað fyrir fáa aðila innan stofnunnar.

Þar er hægt að skoða þau réttindi sem viðkomandi læknir hefur unnið sér inn. Þó er ekki hægt að skoða ferðadagana. Haldið er utan um ferðadaga og ávinning varðandi þá í Vinnustund.

Einungis er hægt að skoða ráðstefnugjöld og fargjöld í þessu ábyrgðarsviði.

Þessi mynd kemur upp þegar kerfið er opnað

Ár 2016 Kennitala  Nafn

---

View

	Ár	Gerð réttinda	Dags	ID Reiknings	Magn	Eining	Skýring
Nánar	2016	Ráðstefnugjöld	01.01.2016		735,58	SDR	Úthlutun 2016 Ráðstefnugjöld 98.08%
Nánar	2016	Fargjöld	01.01.2016		147.115	Kr.	Úthlutun 2016 Fargjöld 98.08%

Columns Hidden 7

---

**Staða réttinda**

Gerð réttinda	Fargjöld	Samtals	147.115 Kr.
Gerð réttinda	Ráðstefnugjöld	Samtals	735,58 SDR

Ýtt er á hnappinn **Leita** til þess að leita eftir starfsmanni. Hægt að leita eftir kennitölu og nafni. Ef leitað er eftir hluta úr nafni t.d. Jón, þá þarf að setja % merki fyrir aftan og leitar kerfið þá að öllum sem byrja á Jón, eru læknar og eru með réttindi í kerfinu.

Einnig er hægt að velja hvað ár skal skoða.

Ár   Kennitala  Nafn

Þegar búið er að slá inn þær forsendur sem leita á eftir, er ýtt á hnappinn **Keyra**.

Eftir að leitað hefur verið að starfsmanni eftir kennitölu eða nafni, kemur upp svipuð mynd og kemur upp á upphafsíðunni.

Sú mynd sýnir árið sem valið var, gerð réttinda, magn, einingu og skýringu á réttindunum.

View	Detach	Ár	Gerð réttinda	Dags	ID Reiknings	Magn	Eining	Skýring
Nánar		2016	Ráðstefnugjöld	01.01.2016		735,58	SDR	Úthlutun 2016 Ráðstefnugjöld 98,08%
Nánar		2016	Fargjöld	01.01.2016		147.115	Kr.	Úthlutun 2016 Fargjöld 98,08%
Nánar		2016	Fargjöld	15.02.2016	45090	-47.115	Kr.	Ferðareikningur LSH FU-5874
Nánar		2016	Ráðstefnugjöld	15.02.2016	45090	-405,13	SDR	Ferðareikningur LSH FU-5874
Nánar		2016	Ráðstefnugjöld	22.02.2016	45091	-110,54	SDR	Ferðareikningur LSH FU-5875
Nánar		2016	Fargjöld	22.02.2016	45091	-120.000	Kr.	Ferðareikningur LSH FU-5875
Nánar		2016	Fargjöld	15.02.2016		12.000	Kr.	Test

Columns Hidden 7

Staða réttinda			
Gerð réttinda	Fargjöld	Samtals	-8.000 Kr.
Gerð réttinda	Ráðstefnugjöld	Samtals	219,91 SDR

Ráðstefnugjöld eru í SDR og fargjöld í íslenskum krónum.

Skýringarreiturinn sýnir síðan hvaða réttindi er um að ræða, á myndinni sést úthlutun ársins 2016, sem er sett inn með keyrslu sem keyrir inn réttindi miðað við fyrra ár. Þessar upplýsingar koma úr launakerfinu.

Einnig sést hvað er búið að nota af réttindunum og í hvaða ferðareikningum. Þarna sést líka viðbót upp á kr. 12.000 kr. sem bætt hefur verið við réttindin

Neðst sést svo staða réttinda, fargjöld og ráðstefnugjöld. Staðan getur verið mínustala ef notkun hjá viðkomandi starfsmanni hefur farið yfir úthlutað réttindi.

Hægt er að bæta við eða lagfæra réttindin með því að ýta á hnappinn **Ný færsla**. Og sést þá sú skýring sem gefin er fyrir þeim færslum í reitnum *Skýring*. En gott er að venja sig á að skrifa greinagóða skýringu á öllu því sem breytt er í kerfinu.

Leita	Keyra	<	<	>	>	Ný færsla
-------	-------	---	---	---	---	-----------

Ef ýtt er á hnappinn **Ný færsla** og þá kemur upp þessi mynd

Vista
Hætta við

\* Ár

\* Kennitala

\* Gerð réttinda

\* Dags

\* Eining

\* Magn  Mínus gildi er frádráttur (nýting) réttinda en plús gildi eru viðbót á réttindi.

\* Skýring

Gerð færslu

► Show

Nauðsynlegt er að skrá inn í stjórnúmerkt svæði, síðan þarf að velja **Gerð færslu** úr flettiglugga.



Ef verið er að skrá inn auka réttindi eða aukinn frádrátt þá skal velja *Handskráning*, sem kemur sjálfvalið upp þegar myndin opnast. Ef skrá á inn frádrátt þá þarf að passa að setja mínus (-) fyrir framan upphæðina.

Muna að ýta á **Vista** hnappinn eftir skráningu.

Hægt er að lagfæra færslu sem hefur verið sett inn handvirkt, en það er gert með því að ýta á hnappinn **Nánar**. En með því að ýta á hann er einnig hægt að skoða betur hverja færslu fyrir sig.

	Ár	Gerð réttinda	Dags	ID Reiknings	Magn	Eining	Skýring
Nánar	2016	Ráðstefnugjöld	01.01.2016		735,58	SDR	Úthlutun 2016 Ráðstefnugjöld 98,08%
Nánar	2016	Fargjöld	01.01.2016		147.115	Kr.	Úthlutun 2016 Fargjöld 98,08%
Nánar	2016	Fargjöld	15.02.2016	45090	-47.115	Kr.	Ferðareikningur LSH FU-5874
Nánar	2016	Ráðstefnugjöld	15.02.2016	45090	-405,13	SDR	Ferðareikningur LSH FU-5874
Nánar	2016	Ráðstefnugjöld	22.02.2016	45091	-110,54	SDR	Ferðareikningur LSH FU-5875
Nánar	2016	Fargjöld	22.02.2016	45091	-120.000	Kr.	Ferðareikningur LSH FU-5875
Nánar	2016	Fargjöld	15.02.2016		12.000	Kr.	Test
Nánar	2016	Fargjöld	01.03.2016		-10.000	Kr.	Aukafrádráttur


Hér hefur verið ýtt á **Nánar** hnappinn við færslu með skýringunni Test, og kemur þá þessi mynd upp. Hér er hægt að breyta öllu.

\* Ár  ▾

\* Kennitala

\* Gerð réttinda  ▾

\* Dags  

\* Eining  ▾

\* Magn  Mínus gildi er frádráttur (nýting) réttinda en plús gildi eru viðbót á réttindi.

\* Skýring

Gerð færslu  ▾

► Show

Muna að ýta á hnappinn **Vista** eftir breytingar.

**Athugið að skrá ALLTAF inn skýringu ef verið er að setja inn auka notkun, frádrátt eða ef það er verið að breyta einhverju á einhvern hátt.**